

NaNO Fréttabréf – Vor 2016

Hvað höfum við gert í febrúar til og með maí?

Námskeiðið *NaNO – Hagnýt náttúrufræði fyrir grunnskólakennara* fyrir kennara sem koma að náttúrufræðikennslu í Kópavogi og Mosfellsbæ var haldið í samstarfi við sveitarfélögin. Styrkur fékkst frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda námskeiðið. Áherslan var verklegt nám og útikennsla á miðstigi. Alls tóku 27 kennarar í námskeiðinu sem voru samtals 9 skipti. Dagskrá námskeiðsins er í sérskjali.

Námskeiðið *Nám og náttúruvísindi á 21. öld* (í kennsluskra) var skipulagt af NaNO. Val á þeim námskeiðsins var að hluta til í höndum nemenda. Fyrst var líftækni í samstarfi við ORF líftækni, næst Sorp framtíðar í samstarfi við Sorpu og síðan vistheimt í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Á námskeiðinu unnu nemendur kennsluhugmyndaverkefni sem verða þróuð áfram og enda svo sem hluti af rafrænum gagnabanka NaNO fyrir kennara. Námskeiðinu er nú lokið og tókst það almennt vel.

Í tilefni af ári jarðvegs árið 2015 var haldið námskeið um jarðveg í samstarfi við Landgræðslu Ríkisins. 21 kennarar úr grunn- og framhaldsskólum tóku þátt í námskeiðinu sem haldið var í lok maí. Styrkur fékkst frá Endurmenntunarsjóði Grunnskóla til að fjármagna námskeiðið. Í [myndbandi hér](#) frá Landgræðslunni má heyra meira um námskeiðið og hvernig til tókst.

Unnið hefur verið áfram að *NaNO Gagnabanka*, nú aðallega með Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.

Tekið þátt í undirbúningi *FIRST LEGO League* hönnunarkeppni grunnskólanema sem HÍ heldur 12. nóv. nk.

Ester hefur verið í barneignarleyfi frá 9. nóvember 2015.

Hvað er framundan?

Sýnatökuferð fyrir kennara sem koma að jarðfræðikennslu í umsjón Snæbjörns Guðmundssonar.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarfræðissjóði HÍ, Próunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir